

Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

30. fundur, 13. október 2021

Fundur haldinn miðvikudaginn 13. október 2021 í fjarfundi og hófst fundurinn kl 10:00. Fundi slitið kl 11:35.

Fundinn sátu: Hilda Jana Gísladóttir formaður, Eva Hrund Einarsdóttir, Þróstur Friðfinnsson, Anna Karen Úlfarsdóttir fyrir Jón Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson fyrir Sigurð Þór Guðmundsson, Helga Helgadóttir (mætti kl 10:15) og Eyþór Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi var Kristján Þór Magnússon.

Dagskrá:

1. Desemberþing SSNE

Ákveðið að desemberþing SSNE verði haldið í Eyjafjarðarsveit 10. desember kl. 11.

2. Undirbúningur fyrir áhersluverkefni 2022

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna verkefnið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

3. Skipulag starfsstöðva SSNE

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna tillögu til stjórnar um skipulag og mönnun starfsstöðva SSNE í samræmi við umræður á fundinum.

4. Hagkvæmnismat fyrir líforkuver

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi mat á hagkvæmni líforkuvers.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma á fót stýrihópi sem rýna mun forsendur hagkvæmnimats og þá þætti sem meta á, stýrihópurinn fær stöðuskýrslu frá matsaðilum og rýnir lokaafurð matsins fyrir lokaskil.

5. Stýrihópur til að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum

Lagt fram til kynningar.

Fylgiskjal: Erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

6. Efni til kynningar.

a) Fundargerð frá stjórnarfundum Markaðsstofu Norðurlands 28. september

b) Fundargerð 6. fundar umhverfisnefndar SSNE

7. Frá nefndasviði Alþingis og Samráðsgátt

a) Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018, um Jöfnunarsjóð: [Samráðsgátt | Öll mál \(island.is\)](#)